

Fjárlaganefnd Alþingins

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025 – 2029, mál.: 1035 frá 23. apríl 2024.

Umsagnaraðili: Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri.

Starfsemi og verkefni Sjúkrahússins á Akureyri hefur þróast á undanförunum árum í samræmi við breytta samsetningu skjólstæðinga, aukinn íbúafjölda og aukna kröfu um veitta sjúkrahús- og heilbrigðistengda þjónustu innan samfélaganna á Norður- og Austurlandi.

Sjúkrahúsið á Akureyri er með skilgreinda sérhæfða sjúkrahúsþjónustu en því fylgir sú skylda að veita nauðsynlega sérfræðiþjónustu í nær öllum, viðurkenndum greinum læknisfræði, hjúkrunarfræði og eftir atvikum öðrum greinum heilbrigðisvísinda sem stundaðar eru hér á landi, með aðgengi að stoðdeildum og rannsóknadeildum. Sjúkrahúsið nær ekki að uppfylla allar þessar skyldur í dag.

Samkvæmt lögum er Sjúkrahúsið á Akureyri varasjúkrahús Landspítala. Ekki liggur fyrir fullmótuð skilgreining í hverju þetta er fólgið og mikilvægt að ráðist verði í vinnu sem skilgreinir þetta hlutverk betur. Samhliða þarf að vinna öryggismat fyrir sjúkrahúsið sem ætlað er að sinna hlutverki sem varasjúkrahús. Þar þarf að horfa til og tryggja innviði þannig að sjúkrahúsið geti annast slíkt verkefni.

Í ljósi þess hlutverks sjúkrahússins bendir framkvæmdastjórn á að við fjárlagagerð hvers árs og í fjármálaáætlun til lengri tíma verði sjúkrahúsinu tryggt nægjanlegt fjármagn til að rækta skyldur sínar og sinna hlutverki sínu til framtíðar en aðeins



Þannig má tryggja enn frekar færri flutninga á sjúklingum frá landsbyggðinni til Landspítala með tilheyrandi álagi og aukins kostnaðar í heilbrigðiskerfinu.

Starfsemin á Sjúkrahúsinu á Akureyri hefur verið mun umfangsmeiri en þau fjárframlög sem gert er ráð fyrir og því mikilvægt að framtíðarstefna um hlutverk og starfsemi sjúkrahússins sé skýr og fjármagn sem til hennar er lagt á hverjum tíma endurspegli hlutverk og starfsemi þess. Greining á kostnaði bendir til þess að um 800 - 1000 m.kr. vanti í fjárlagagrunn sjúkrahússins á árinu svo hægt sé að viðhalda núverandi þjónustustigi. Þörf er á frekara fjármagni til þess að standa vörð um starfsemi sjúkrahússins og þróa þjónustuna í takt við þarfir samfélagsins og lagalegar kröfur um hlutverk sjúkrahússins.

Framkvæmdastjórn leggur til, í ljósi mikilvægi sjúkrahússins, að vinnu við endurskoðun á starfsemi, hlutverki og fjárveitingum fyrir Sjúkrahúsið á Akureyri verði sérstaklega komið við í fjármálaáætlun fyrir árin 2025 – 2029.



SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI HOSPITAL

ÖRYGGI SAMVINNA FRAMSGÆKNI

Heimilisfang | Address:
Eyrarlandsvegi
IS 600 Akureyri
Ísland | Iceland

Sími / Tel 463 0100 | +354 463 0100
www.sak.is
sak@sak.is
Kennitala | ID 580269-2229

Viðskiptabanki | Bank Íslandsbanki Akureyri
Reikningur | Account number 0566 26 3100
ISBAN IS660566 2600 3100 5802 6922 29
SWIFT (BIC) GLITISRE



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2024
MÍ202404-0179/ 0.01 / G.Ó.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu landvörslu, mál nr. 110.

Með tölvupósti, dags. 22. apríl 2024 sendi nefnda- og greiningarsvið Alþingis til umsagnar tillögu til þingsályktunar um eflingu landvörslu.

Minjastofnun Íslands telur það vera jákvætt gerð verði markviss áætlun um eflingu landvörslu, með sérstaka áherslu á fjölgun starfa og heilsársstöðugilda í landvörslu. Stofnunin hefur til margra ára komið að kennslu á landvarðanámskeiðum á vegum Umhverfisstofnunar. Árið 2019 var samstarfsverkefni milli stofnananna sem deildu þá landverði um áhugaverð verkefni á minjasvæði norðurlands vestra.

Efling landvörslu gæti þannig einnig komið til með að auka eftirlit með menningarminjum og álagi á þeim.

Fyrir hönd Minjastofnunar Íslands,

Gísli Óskarsson
Sviðsstjóri lögfræðisviðs

Gísli Óskarsson
Lögfræðingur
gisli@minjastofnun.is



Alþingi – Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2024
UST202404-292/G.S.O.
04.00

Efni: Til umsagnar 110. mál - efling landvörslu

Vísað er til bréfs dags. 22. apríl 2024 þar sem Alþingi – Umhverfis- og samgöngunefnd sendi Umhverfisstofnun 110. mál (efling landvörslu) til umsagnar.

Þingsályktunartillagan var áður lögð fram á 153. löggjafarþingi (274. mál). Kemur fram í tillögunni að hún sé endurflutt óbreytt en með lítils háttar breytingum á greinargerð til samræmis við helstu ábendingar umsagnaraðila.

Umhverfisstofnun gerði umsögn við tillöguna þegar hún var lögð fram á 153. Löggjafarþingi. Þar tók stofnunin heilshugar undir það að efla þurfi landvörslu um allt land. Vísar stofnunin því í áðurnefnda umsögn hvað varðar þát þætti tilögunnar sem hafa haldist óbreyttir.

Bætt hefur verið við greinargerðina við þingsályktunartillöguna sem nú hefur verið lögð fram eftir ábendingu frá Vatnajökulsþjóðgarði. Þjóðgaðurinn bendir á mikilvægi þess að grunnþættir landvörslu séu tryggðir óháð fjölda ferðamanna. Umhverfisstofnun tekur undir þau sjónarmið þjóðgarðsins sem finna má í tillögunni og telur mikilvægt að þetta atriði sé tryggt.

Með vísan til framangreinds tekur Umhverfisstofnun undir þær breytingar sem koma fram í tillögunni.

Virðingarfyllt,

Gunnhildur Sif Oddsdóttir,
lögfræðingur

Kristín Ósk Jónasdóttir
teymisstjóri